

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 09. maí 2019  
2019040015/42-0  
KHS, OKN, TB  
tb

## Tillaga að matsáætlun fyrir 80-130 MW vindorkugarð Hróðnýjarstöðum, Dalasýslu

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 9. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir 80-130 MW vindorkugarð Hróðnýjarstöðum, Dalasýslu.

Náttúrufræðistofnun telur að matsáætlunin geri nægjanlega vel grein fyrir flestum þáttum sem kannaðir verða við gerð frummatskýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Fyrir utan áhrif á hljóðvist, landslag og ásýnd, og áhrifum almennt á gróðurfar og annað lífríki vegna rasks eru neikvæð áhrif á fuglalíf sá þáttur sem þarf að skoða hvað ítarlegast.

Vindorkugarðurinn er á jaðri tveggja mikilvægra fuglasvæða þ.e. Laxárdalsheiði og Breiðafjarðar, fjær. Það þarf því að gera ákveðnar kröfur um gögn og gæði fuglarannsókna á svæðinu. Áhrifum á fugla má skipta í þrennt þ.e. A. Beina röskun á búsvæðum og truflun meðan á framkvæmdum stendur, B. Árekstrarhættu sem er tölfraðilegt mat og tekur til allrar fuglaumferðar árið um kring og C. Afleidd áhrif eftir að starfsemi hefst sem felst m.a. í því að fuglar forðist að nýta svæðið eða jaðarsvæði umhverfis það. Áherslan í matsáætluninni beinist fyrst og fremst að mati á samsetningu og þéttleika varpfugla en það er það sem er auðveldast að meta en ekki endilega það sem skiptir mestu máli. Til að það náist að meta þéttleika og samsetningu varpfugla þarf tiltekinn fjöldi athugana fyrir hverja tegund en óljóst er í áætluninni hvernig á að ná viðunandi fjölda sýna/athugana.

Til að meta árekstrarhættu er stuðst við sjónmat og gefur að skilja að á svona stóru svæði er örðugt að meta með nokkru öruggi flug fugla með svo fáu athugunum eins og lagt er upp með, auk þess sem engar fyrirliggjandi upplýsingar liggja fyrir sem hægt er að styðjast við eða nota til að túlka athuganirnar. Þetta kemur niður á gæðum gagna bæði vegna liðar B og C hér að framan.

Í matsáætluninni er lauslega fjallað um viðkvæmar tegundir gagnvart vindmyllum þ.e. örn á þessu svæði. Í ljósi þess hvað lítið er vitað um umferð fugla um svæðið er undarlegt að lagt er



upp með lágmarksátak í rannsóknum hvað þennan þátt snertir. Á Hróðnýjarstöðum má gera ráð fyrir nokkuð miklu og fjölbreyttu fuglalífi um varptímamann og ernir verpa í nánd beggja vegna heiðarinnar eins og forsvarsmenn og rannsakendur á þeirra vegum hafa verið upplýstir um.

Hér á landi er ekki búið að greina þau svæði sem teljast viðkvæm og eða verðmæt með tilliti til áforma eða hagstæðra skilyrða fyrir vindorkugarða hvað fuglalíf snertir, líkt og gert var á sínum tíma t.d. í Skotlandi og var nýlega gert með tilliti til hafarna í Finnlandi og byggði sú könnun á notkun senditækja sem sett voru á erni. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að fyrirhugað er að setja upp fleiri vindorkugarða á Vesturlandi, þar á meðal í Garpsdal og er sú matsáætlun til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun. Það þarf því að vera hægt að meta samlegðaráhrif þar sem bæði svæðin eru í nánd við helsta búsvæði arnarins. Í matsáætluninni er hvorki gert ráð fyrir að sett séu senditæki á erni eða gert ráð fyrir radarmælingum sem gætu numið nánar umferð fugla en það er mat Náttúrufræðistofnunar að þetta þurfi að skoða sérstaklega.

Náttúrufræðistofnun telur að eins og fuglarannsóknum er lýst að þá séu þær ófullnægjandi til að meta með sæmilega öruggum hætti áhrif vindorkugarðs á fuglalíf á umræddu svæði. Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 9. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir 80-130 MW vindorkugarð Hróðnýjarstöðum, Dalasýslu.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

